


Hindranir og hvatar

Nýliðun í landbúnaði



Höfundur skýrslu
Gréta Bergrún Jóhannesdóttir

Efnisyfirlit

Myndayfirlit	1
Tilurð verkefnis	3
Verkefnisstjóri og umsjón	3
Önnur gögn til samanburðar	3
Ábyrð og birting	3
Samantekt á helstu niðurstöðum	4
Aðferðarfræði	4
Niðurstöður	5
Opnar spurningar	21

Myndayfirlit

Mynd 1 Kynjahlutföll þátttakenda	5
Mynd 2 Aldursdreifing þátttakenda	5
Mynd 3 Hvað lýsir heimilisaðstæðum þínum best?	6
Mynd 4 Í hvaða landshluta býrð þú	7
Mynd 5 Hvað á við um þína búsetu	7
Mynd 6 Hver er eigandi jarðarinn þar sem þú býrð?	8
Mynd 7 Menntunarstig þátttakenda	8
Mynd 8 Búseta skipt eftir menntun í búfræði/garðyrkju og búvísindum	9
Mynd 9 Hvernig búskapur er stundaður á jörðinni þar sem þú býrð?	9
Mynd 10 Hvernig sérðu fyrir þér framtíðarþróun búskapar á jörðinni sem þú býrð á núna? ..	10
Mynd 11 Ársvelta á búinu	11
Mynd 12 Ársverk á búinu	12
Mynd 13 Þróun í fjárfestinum í búskap allir þátttakendur	12
Mynd 14 Hvernig hófst þú þinn búskap?	13
Mynd 15 Hver eru þín tengsl við svæðið?	14
Mynd 16 Kynin og tenging við svæðið	14
Mynd 17 Kynjuð tengsl við jörð/lögbýli	15
Mynd 18 Langar að stunda landbúnað	16
Mynd 19 Önnur atvinna meðfram búskap	16
Mynd 20 Hvatar fyrir ungt fólk að stunda landbúnað	17
Mynd 21 Helstu hindranir fyrir ungt fólk inn í landbúnað	18
Mynd 22 Hvaða þættir eru mikilvægastir horft til nýliðunar í landbúnaði	19
Mynd 23 Búferlagögn - líkur á að næsta kynslóð taki við	20

Tafla 1 Aldursskipt framtíðarsýn	10
Tafla 2 Tegund búskapar og framtíðarsýn.....	11
Tafla 3 Þróun skipt eftir tegund búskapar	13
Tafla 4 Helstu hvatar landshlutaskipt	17
Tafla 5 Helstu hindranir landshlutaskipt.....	18
Tafla 6 Næsta kynslóð tekur við búinu	20
Tafla 7 Framtíðaráform og fjárfestingar	21

Tilurð verkefnis

Samtök ungra bænda vildu kanna helstu hindranir og hvata til nýliðunar í íslenskum landbúnaði. Á vördögum 2024 var því sótt um rannsóknarstyrk í *Byggðarannsóknarsjóð* sem Byggðastofnun hefur til ráðstöfunar. Umsóknin var unnin af stjórn í samstarfi við verkefnisstjóra sem fenginn hafði verið í verkefnið.

Styrkur fékkst í rannsóknina sem framkvæmd var haust 2024. Fyrstu niðurstöður voru kynntar á aðalfundi ungra bænda þann 18. janúar 2025.

Verkefnisstjóri og umsjón

Gréta Bergrún Jóhannesdóttir, sérfræðingur í byggðarannsóknum og starfsmaður hjá Rannsóknarsetri í byggða- og sveitarstjórnarmálum hjá Háskólanum á Bifröst er verkefnisstjóri og framkvæmdi rannsóknina sem hér er kynnt.

Önnur gögn til samanburðar

Í skýrslunni verður vísað í önnur gögn til samanburðar úr stóru verkefni sem bar heitið Búferlaflutningar á Íslandi og verða nefnd Búferlagögn hér. Gögnin koma úr könnunum sem send voru um í allar byggðir landsins árin 2019 – 2020 með áherslu á að greina búferlaflutninga og þætti sem snúa að búsetu fólks. Þau gögn hafa að einhverju leyti sambærilegar spurningar en líka aðrar spurningar sem nýtast inni þessa rannsókn. Niðurstöður úr þeirri könnun hvað strjálbýli varðar má sjá á vef Byggðastofnunar undir útgefið efni, Strjálbýli á Íslandi vorið 2020.¹

Ábyrð og birting

Samtök ungra bænda bera ábyrð á þessu verkefni, hafa umsjón með birtingu á niðurstöðum og geta svarað frekari spurningum sé þess óskað í vefpósti ungibondinn@gmail.com. Einnig er bent á verkefnisstjóra, Grétu Bergrúnu fyrir frekari upplýsingar, gretaj@bifrost.is

¹ https://www.byggdastofnun.is/static/files/Skyrslur/byggdafesta/byggdafesta-sveitir_og_strjalbyli.pdf

Samantekt á helstu niðurstöðum

Niðurstöður þessarar rannsóknar sýna glögg að hindranir til nýliðunar í landbúnaði, og áframhaldandi landbúnaði, eru fyrst og fremst fjárhagslegar en ekki félagslegar. Nokkur helstu atriði sem vert er að skoða.

- Helstu hvatar fyrir ungt fólk til að vinna í landbúnaði eru taldir vera: ástríða fyrir landbúnaði, að vinna með dýrum, starfa í náttúrunni, stunda eigin rekstur og fjölbreytt skemmtileg verkefni og vinna.
- Helstu hindranir eru taldar vera: fjármögnunarsvandir við kaup á jörð, kostnaðarsöm fjárfestingar og uppbyggingarþörf, léleg fjárhagsleg afkoma og erfðadeilur
- Mikilvægast til nýliðunar í landbúnaði er telið vera hagstæðari lán til jarðakaupa og betri fjármögnunarmöguleikar
- Erfða- og tekjuskatts ívilnanir við kynslóðaskipti, aukinn opinber nýliðastuðningur sem og byggðastefna stjórnvalda skiptir líka miklu máli hvað varðar nýliðun í landbúnaði.
- Mjólkurframleiðsla sker sig úr öðrum búgreinum hvað varðar jákvæða framtíðarsýn og uppbyggingu á jörðum
- Það eru kynjuð tengsl við landbúnað og búsetu á bújörðum, þar sem karlar eru líklegri en konur til að hafa alist upp eða hafa fjölskyldutengl við svæðið og jörðina þar sem búskapur er stundaður.
- Þar sem fjárfest hefur verið undanfarin ár á jörð og í búrekstri er fólk líklegra til að telja jörð vera áfram í búrekstri eða að afkomendur taki við.
- Sá hópur sem sagðist langa til að koma inni landbúnað nefnir helst að fjárhagsleg afkoma yrði ekki viðunandi og að framboð á jörðum væri ekki til staðar á því svæði sem óskað væri eftir.


Aðferðarfræði

Könnunin var byggð upp í netforritinu SurveyMonkey. Nethlekk og kynningu var dreift eftir kostum á Facebook í hópum bænda sem og á vegum stjórnar. Þá voru landshlutasamtökin einnig fengin til að setja auglýsingar inná sínar Facebook síður. Auglýsing var birt í Bændablaðinu þar sem öll sem tengjast landbúnaði voru hvött til að svara en einnig var birt viðtal við formann SUB um könnunina. Rannsóknin var einnig kynnt á bændafundum á vegum Bændasamtakanna, sem fóru vítt og breitt um landið á haustdögum.

Gögn eru reiknuð út í SPSS tölfræðiforritinu. Bakgrunnsbreytur sem notast er við eru: kyn, aldur, menntun, búsetuform, búsetu landssvæði, og starf. Hér verða kynntar helstu niðurstöður úr könnuninni sem send var út á vegum Samtaka Ungra Bænda. Getið er sérstaklega ef gögn koma úr búferlakönnun.


Niðurstöður

Alls svöruðu 372 könnuninni, 175 konur, 185 karlar, 2 kvár og 10 svöruðu ekki spurningunni um kyn.




Mynd 1 Kynjahlutföll þátttakenda

Nokkrir þátttakendur tóku ekki afstöðu til kyns og detta þau svör þá niður í þeim spurningum þar sem lítið er til afstöðu kynjanna í ákveðnum spurningum.



Mynd 2 Aldursdreifing þátttakenda

Helmingur þátttakenda var á aldrinum 31-50 ára, eða 49%. Fjórðungur á aldrinum 18 – 30 ára og fjórðunur eldri en 50 ára. Talið er að meðalaldur bænda í dag sé um milli 57-60 ára², og því má sjá að svörun úr þeim aldurshópi er afar lítil og meiri áhugi hjá yngri kynslóð að taka þátt.




Mynd 3 Hvað lýsir heimilisaðstæðum þínum best?

Rúmlega helmingur þátttakenda býr með maka sínum og barni/börnum. Þá eru 22% sem búa bara með maka, 10% sem búa ekki með neinum og 4% sem búa ein með barni/börnum. Gefinn var valmöguleiki á Annað, hvað? og þar voru allir sem svöruðu búandi ýmist í foreldrahúsum, eða bjuggu hjá börnum sínum, með tengdaforeldri eða öðrum fjölskyldumeðlim

² <https://www.ruv.is/frettir/innlent/2023-02-23-har-medalaldur-baenda-mikid-ahyggjuefni>


Landshlutar þátttakenda



Mynd 4 Í hvaða landshluta býrðu þú


Dreifing var nokkuð góð yfir landið og endurspeglar ágætlega hlutfall bænda eða starfandi við landbúnað á landinu.

Búseta þín




Mynd 5 Hvað á við um þína búsetu

Eins og sjá má þá er mikill meirihluti þátttakenda sem býr á jörð/lögbýli eða 74%.



Mynd 6 Hver er eigandi jarðarinnar þar sem þú býrð?


Eins og sjá má eru nokkur meirihluti eða 60% sem býr á jörð í eigin eigu og 27% á jörð sem er í eigu eldri kynslóðar. Alls eru 2.3% á jörð í eigu ríkis eða sveitarfélags og annað svöruðu 4.9% en þar voru nokkur svör á þá leið að eignarhald væri blandað á milli yngri og eldri kynslóðar, í eigu annarra ættingja eða séreign maka. Þarna var einnig spurt hvort stundaður væri búskapur á jörðinni og þar svöruðu 98,5% því játandi og 1,5% neitandi.



Mynd 7 Menntunarstig þátttakenda

Þátttakendur gátu valið meira en einn valmöguleika þannig að einhverjir hafa kannski klárað bæði háskólapróf og iðnpróf. Alls var 21 þátttakandi sem hafði klárað bæði háskólapróf í búvísindum og próf í búfræði eða garðyrkju á framhaldsskólastigi, og 26 þátttakendur með annað háskólapróf og próf í búfræði eða garðyrkju á framhaldsskólastigi. Stærsti hópurinn, 143 þátttakendur eða 38% hafa lokið prófi í búfræði eða garðyrkju á háskólastigi. Þann hópur er svo áhugavert að skoða sérstaklega þegar kemur að búsetu.


Búseta og búvísindi



Mynd 8 Búseta skipt eftir menntun í búfræði/garðyrkju og búvísindum

Eins og mynd 8 sýnir þá eru búfræði/garðyrkju og búvísindamenntaðir að skila sér vel í dreifbýlið eða milli 84-87%. Þarna eru um 10% og 14% sem búa í þéttbýli. Sé litið á Búferlagögn má sjá að þar eru 1,4% háskólamenntaðra í stærra þéttbýli og 3,3% háskólamenntaðra sem búa í minni þéttbýlum eru með próf frá Landbúnaðarháskóla Íslands. Ekki er vitað með búfræði/garðyrkjumenntun hvað þetta varðar þar sem það var ekki flokkað sérstaklega. Það má þó sjá að þeir sem eru með háskólapróf í búvísindum sækja allavega frekar í minna þéttbýli en stærra þéttbýli.


Búskapur á jörð



Mynd 9 Hvernig búskapur er stundaður á jörðinni þar sem þú býrð?

Eins og sjá má eru helmingur svarenda í sauðfjárbúskap og nokkur dreifing í aðra flokka búskapar, þátttakendur gátu merkt við fleira en einn valmöguleika. Mjólkurframleiðsla, nautgriparækt og hrossarækt voru öll með rúmlega 20% svörun við tegund búskapar.

Framtíðarsýn næstu 10-20 árin



Mynd 10 Hvenígg sérðu fyrir þér framtíðarþróun búskapar á jörðinni sem þú býrð á núna?

Eins og sjá má á mynd 10 eru rúmlega 50% svarenda sem telja að búskapurinn verði með sambærilegum hætti næstu 10-20 árin. 19% telja líklegt að börn eða aðrir afkomendur taki við búinu. Aldursgreiningu á þessum svörum má sjá á töflu 1

Tafla 1 Aldurskipt framtíðarsýn


	Búrekstur verður mjög líklega með sambærilegum hætti og hann er í dag	Frekar eða mjög líklegt að börn eða aðrir afkomendur taki við búinu	Líklegt að jörðin verði seld til annarar notkunar en landbúnaðar	Líklegt að búskapur leggist af, eða dragist verulega saman en jörðin verði áfram í eigu fjölskyldunnar/afkomenda	Líklegt að jörðin verði seld aðilum utan fjölskyldu til að halda áfram landbúnaði
18-30 ára	6.50%	36.30%	27%	6.10%	0%
31-50 ára	57.80%	38.60%	18.20%	51.50%	28.50%
51 ára+	35.70%	24.50%	55%	42.40%	71.40%

Þarna má sjá að svörun er aðeins dreifð eftir aldri, þar sem elsti hópurinn sker sig úr hvað varðar líkurnar á að jörðin verði seld annað hvort til annarar notkunar en landbúnaðar, eða öðrum aðilum utan fjölskyldu til að halda áfram búskap.

	Búrekstur verður mjög líklega með sambærilegu m hætti og hann er í dag	Frekar eða mjög líklegt að börn eða aðrir afkomendur taki við búinu	Líklegt að jörðin verði seld til annarar notkunar en landbúnaðar	Líklegt að búskapur leggist af, eða dragist verulega saman en jörðin verði áfram í eigu fjölskyldunnar/afkomenda	Líklegt að jörðin verði seld aðilum utan fjölskyldu til að halda áfram landbúnaði
Hrossarækt	55.1%	20.5%	5.1%	12.8%	2.6%
Mjólkurframleiðsla	59.8%	22.0%	2.4%	4.9%	6.1%
Nautgriparækt	51.2%	28.7%	2.5%	11.3%	3.8%
Sauðfjárbúskapur	52.7%	17.6%	4.9%	16.5%	4.9%
Ferðaþjónusta	54.5%	15.9%	6.8%	15.9%	
Skógrækt	54.2%	18.6%	1.7%	15.3%	3.4%
Önnur matvælaframl. *	33.3%	33.3%	11.1%	11.1%	0.0%
Garð- eða akuryrkja *	64.3%	7.1%	7.1%	14.3%	0.0%

Tafla 2 Tegund búskapar og framtíðarsýn


Framtíðaráformum var einnig skipt eftir tegund búskapar og má sjá hér á töflu 2 að mjólkurframleiðslan sker sig aðeins út, en 60% þeirra telja líklegt að búrekstur verði áfram með svipuðum hætti og þá er skorar sú búgrein einnig lægst í líkunum á samdrætti í rekstri. Þar skorar hín vegar sauðfjárbúskapur hæst en 16,5% segja líklegt að búskapur leggist af eða dragist verulega saman. *Önnur matvælaframleiðsla og garð- eða akuryrkja voru of fá svör til að skila marktækum niðurstöðum til samanburðar.



Mynd 11 Ársvelta á búinu

Nokkuð dreifð ársvelta var á milli búskapargreina en fyrir þá sem vilja betri greiningu má benda á upplýsingar Bændasamtökum Íslands.


Hvað áætla þú að séu mörg launuð ársverk á búinu?



Mynd 12 Ársverk á búinu

Hér var spurt um áæltuð launuð ársverk á búinu og þar má sjá að 44% eru með 1 eða minna en 1 launað ársverk, 33,6% með 2 launuð ársverk, 14% með 3 launuð ársverk og afar fá með fleiri en þrjú launuð ársverk eða rúm 8%.

Hvernig hefur þróun í búskapnum og fjárfestingum í búskapnum verið á síðustu 10 árum



Mynd 13 Þróun í fjárfestinum í búskap allir þátttakendur


Á mynd 13 má sjá að meirihluti þátttakenda segir að það hafi verið nokkuð um fjárfestinga í búskapnum á síðustu 10 árum. Þar segja tæp 34% að búskapur hafi vaxið og nokkuð verið fjárfest, og 22% segja að búskapur hafi verið svipaður en nokkuð verið fjárfest. Sá hópur sem segir búskap hafa dregist saman telur og lítið verið um fjárfestingar telur 8,6%.

	Búskapurinn verioð með svipuðu sniði og litlar fjárfestingar	Búskapurinn hefur verioð með svipuðu sniði en nokkuð um fjárfestingar	Búskapur hefur heldur dregist saman og lítið fjárfest	Búskapurinn hefur heldur dregist saman en nokkuð um fjárfestingar	Búskapurinn hefur vaxioð og nokkuð verioð fjárfest	Búskapurinn hefur vaxioð en lítið verioð fjárfest
Hrossarækt	26.3%	22.4%	10.5%	3.9%	32.9%	3.90%
Mjólkurframleiðsla	20.7%	29.3%	1.2%		41.5%	6.10%
Nautgriparækt	22.5%	25.0%	5.0%	1.3%	41.3%	5%
Sauðfjárbúskapur	24.9%	22.1%	9.9%	7.2%	31.5%	2.80%
Ferðaþjónusta	20.5%	27.3%	6.8%	2.3%	40.9%	
Skógrækt	20.3%	22.0%	8.5%	8.5%	35.6%	5.10%
Önnur matvælaframleiðsla *	11.1%		22.2%	22.2%	44.4%	
Garðyrkja eða akuryrkja *	7.1%	14.3%	7.1%		42.9%	28.60%

Tafla 3 Þróun skipt eftir tegund búskapar

Mjólkurframleiðsla og Nautgriparækt, ásamt ferðaþjónustu hafa vaxioð hvað mest og fjárfest, eins og sjá má á töflu 3. Þar kemur mjólkurframleiðslan einnig best út hvað varðar lítinn samdrátt. Tæplega fjórðungur sauðfjárbænda segir að búskapur hafi verioð með svipuðu sniði og lítið verioð fjárfest og skorar einnig hæst hvað varðar samdrátt og litlar fjárfestingar eða um 10 % sauðfjárbænda sem svara því til.


Upphaf á búrekstri/búskap



Mynd 14 Hvernig hófst þú þinn búskap?

Nokkur meirihluti eða 61% svarenda segja hafa erfð eða keypt jörð af foreldrum eða öðrum fjölskyldumeðlimum. Tæp 11% byrjuðu með að leigja jörð og 20% keyptu af utanaðkomandi aðilum.


Tengsl við svæðið



Mynd 15 Hver eru þín tengsl við svæðið?

Nærri 60% þátttakendra ólust upp á svæðinu eða næsta nágrenni, 24% fluttu eftir 18 ára aldur alinu upp í öðru dreifbýli og 17% fluttu eftir 18 ára aldur alin upp í þéttbýli. Þegar þessi spurning var greind eftir kyni má sjá sterkari tenginu karla.


Kynin og tengsl við svæðið




Mynd 16 Kynin og tenging við svæðið

Eins og sjá má á mynd 16 þá eru 68% karla alin upp á staðnum samanborið við tæplega 49% kvenna. Þá eru einnig stærra hlutfall kvenna sem hefur flutt eftir 18 ára aldur alin upp í öðru

dreifbýli, 32.5 samanborið við 17,4% karla. Mjög svipaða mynd má sjá ef eingöngu er tekin svör þeirra sem búa á jörð eða lögbyli (mynd 17).




Mynd 17 Kynjuð tengsl við jörð/lögbyli



Mynd 19 Tengsl við landbúnað


Þegar spurt er um tengsl við landbúnað svara rúmlega 50% því til að starfa við landbúnað að aðalstarfi, 17% í hlutastarfi. Þá þótti einnig áhugavert að ná til þess hóps sem langar að starfa við

landbúnað og voru 12% þátttakanda þar.



Mynd 18 Langar að stunda landbúnað


Sá hópur sem langar að verða bændur og stunda landbúnað fékk spurning um ástæður þess að það hefði ekki gerst. Alls voru þetta 44 svarendur og máttu velja fleiri en einn möguleika. Þap voru flestir á því að fjárhagsleg afkoma yrði ekki viðunandi og að of dýrt væri að kaupa jörð. Þá voru 14 sem sögðu að framboð á jörðum á því svæði óskað væri eftir væri ekki nægilegt, og 11 sögðu ekki nægilegan fyrirsjáanleika í greininni. Þá voru einnig 6 sem sögðust ætla að klára önnur störf eða að mennta sig og færu svo að líkindum í búskap.



Mynd 19 Önnur atvinna meðfram búskap

Þeir þátttakendur sem sögðust stundað landbúnað að aðalstarfi fengu spurningu um önnur störf meðfram því starfi og voru 39% sem sögust ekki vinna neina aðra launaða vinnu. Þá voru 18% sem sögðust vinna íhlaupavinnu nokkrum sinnum á ári og 17% sem vinna allt að 20 stundir á mánuði. Athyglisvert er að 11% segjast vinna 81-160 stundir á mánuði utan síns aðalstarfs í landbúnaði.

Hvað telur þú vera helstu hvata fyrir ungt fólk til að stunda landbúnað?




Mynd 20 Hvatar fyrir ungt fólk að stunda landbúnað

Helsti hvati fyrir ungt fólk virðist vera ástríða fyrir landbúnaði, að vinna með dýrum og starfa í náttúrunni. Þá eru einnig hvatar að stunda eigin rekstur, fjölbreytt starf og heilbrigt umhverfi fyrir börn til að alast upp í. Það er þess virði að vekja athygli á þeim þætti sem hér vantar og reyndist sleppa fram hjá bæði rannsakanda, stjórn ungra bænda, yfirlesurum sem og þeim bændum sem tóku könnun í prufukeyrslu. Það er fjárhagslegur ávinningur sem hvati til að stunda landbúnað, fjárhagsleg afkoma hvarflaði ekki að neinum sem hvati til þess arna. Sem segir kannski þá sögu að sá valmöguleiki hefði fengið lélega svörun, ef einhverja.

Tafla 4 Helstu hvatar landshlutaskipt

	Að stunda eigin rekstur	Starfa í náttúrunni	Að vinna með dýrum	Ástríða fyrir landbúnaði	Að stuðla að fæðuöryggi þjóðarinnar	Fjölbreytt og skemmtileg verkefni / vinna	Skapa heilbrigt umhverfi fyrir börn til að alast upp í	Taka þátt í og stuðla að framþróun í landbúnaði	Halda áfram arfleifð og vinnu fyrri kynslóða
Austurland	68%	76%	74%	74%	52%	64%	56%	50%	48%
Suðurland	51%	56%	57%	70%	39%	60%	60%	49%	49%
Höfuðborgarsvæðið	67%	50%	50%	67%	42%	75%	33%	50%	25%
Vesturland	53%	56%	60%	66%	37%	46%	41%	41%	41%
Vestfirðir	29%	57%	50%	71%	0%	64%	50%	50%	50%
Norðurland Vestra	66%	63%	68%	74%	43%	59%	62%	45%	38%
Norðurland Eystra	59%	50%	55%	69%	40%	52%	62%	40%	52%

Helstu hindranir fyrir ungt fólk sem vill stunda landbúnað



Mynd 21 Helstu hindranir fyrir ungt fólk inn í landbúnað

Fjárhagslegir þættir eru taldir helstur hindranir fyrir ungt fólk til að stunda landbúnað, fjármögnunarsvandur við kaup á jörð fékk þar mesta svörun. Þar á eftir kom kostnaður við uppbyggingu og fjárfestingar, sem og léleg fjárhagsleg afkoma. Erfðadeilur fengu líka nokkuð hátt skor.

Tafla 5 Helstu hindranir landshlutaskipt

	Fjármögnunarsvandur við kaup á jörð	Erfðadeilur	Annar aðili innan fjölskyldu líklegri til að taka við	Eignarhald á jörðu er utan fjölskyldu	Kostnaðarsöm fjárfestingar- og uppbyggingarþörf	Félaglegar aðstæður barna	Fyrri kynslóð ekki tilbúin að hætta þegar yngri kynslóð vill taka við	Vandamál að manna búið vegna stærðar	Vantar framboð á jörðum til landbúnaðar
Austurland	76%	46%	10%	28%	68%	24%	48%	14%	32%
Suðurland	75%	27%	18%	12%	62%	13%	35%	6%	12%
Höfuðborgarsvæðið	58%	25%	8%	17%	58%	8%	25%	8%	33%
Vesturland	76%	31%	6%	13%	63%	13%	40%	3%	18%
Vestfirðir	71%	14%	7%	21%	79%	21%	50%	0%	29%
Norðurland Vestra	83%	20%	8%	14%	72%	18%	41%	5%	18%
Norðurland Eystra	78%	29%	5%	12%	60%	19%	33%	7%	17%

Mikilvægast til nýliðunar í landbúnaði




Mynd 22 Hvaða þættir eru mikilvægastir horft til nýliðunar í landbúnaði

Síðasta spurningin snerist um að raða mikilvægi nokkura þátta, þegar horft er til nýliðunar í landbúnaði. Þarna voru umræddir þættir skalaðir frá 1-7 þar sem 1 var mikilvægast og fékk 7 stig. Alls voru 298 sem svöruðu þessari spurningu og raðaðist þetta svona í meðaltals skori (mynd 22). Mikilvægast eru hagstæðari lán til jarðakaupa og betri fjármögunarmöguleikar (6.17), þar næst á eftir koma erfðaskatts- og tekjuívilnanir við kynslóðaskipti (4.68) og aukinn opinber stuðningur (4.59). Byggðastefna stjórnvalda var einnig nokkuð há í meðaltali (4.28) þar sem vægi landbúnaðar er metið að verðleikum.

Í búferlagögnum³ var spurt um um líkurnar á því að næsta kynslóð taki við búinu, á mynd 23 má hér sjá hverju þeir svöruðu til sem flokkuðu sig sem bændur.

³ Gagnasafn úr könnun sem fór um allt land árin 2019-2020 á vegum verkefnisins Búferlaflutingar á Íslandi, sjá meiri upplýsingar í inngangi skýrslu.



Mynd 23 Búferlagögn - líkur á að næsta kynslóð taki við

Þessar tölur má sjá nákvæmar í töflunni hér fyrir neðan, en þar má sjá að líkt og í gögnum í þessari rannsókn, þá komu þarna fram merki um að mjólkurframleiðsla og nautgriparækt standa nokkuð sterkt þegar kemur að væntingum til áframhaldandi búskapar næstu kynslóða en 14% af bændum í mjólkurframleiðslu segja það næsta örygg að næsta kynslóð taki við og 11% af nautgriparækt segja slíkt hið sama.

Næsta kynslóð tekur við	Útilokað	Ólíklegt	Hvorki né	Líklegt	Alveg örygg
Mjólkurframleiðsla	3%	21%	29%	30%	14%
Grænmetis- eða kornrækt	9%	21%	28%	32%	9%
Nautgriparækt	4%	21%	29%	33%	11%
Sauðfjárbúskapur	4%	33%	27%	27%	8%
Hrossarækt	5%	31%	21%	31%	9%
Skógrækt	4%	30%	29%	27%	9%
Ferðapjónusta	5%	25%	33%	31%	5%
Önnur matvælaframleiðsla (þ.m.t. svínakjöt, kjúklingur og egg)	20%	37%	17%	23%	3%

Tafla 6 Næsta kynslóð tekur við búinu

Það þótti áhugavert að skoða hvernig fjárfestingar og framtíðarhorfur fara saman, þ.e. hvort munur sé á þeim búum sem hafa fjárvest og vaxið, eða þeim sem hafa frekar dregið saman seglin.

Tafla 7 Framtíðaráform og fjárfestingar

	Búskapurinn verið með svipuðu sniði og litlar fjárfestingar	Búskapurinn hefur verið með svipuðu sniði en nokkuð um fjárfestingar	Búskapur hefur heldur dregist saman og litið fjárfest	Búskapurinn hefur heldur dregist saman en nokkuð um fjárfestingar	Búskapurinn hefur vaxið og nokkuð verið fjárfest	Búskapurinn hefur vaxið en litið verið fjárfest
Búrekstur verður mjög líklega með sambærilegum hætti og hann er í dag	21%	24%	5%	3%	41%	6%
Frekar eða mjög líklegt að börn eða aðrir afkomendur taki við búinu	14%	19%	9%	5%	42%	7%
Líklegt að jörðin verði seld til annarar notkunar en landbúnaðar	42%	17%	42%	0%	0%	0%
Líklegt að búskapur leggist af, dragist verulega saman en jörðin verði áfram í eigu fjölskyldunnar/afkomenda	36%	15%	12%	18%	15%	3%
Líklegt að jörðin verði seld aðilum utan fjölskyldu til að halda áfram landbúnaði	14%	36%	0%	14%	36%	0%

Opnar spurningar

Í lokin eru svo svör við opnum spurningum um hindarnir og hvata, einnig í lok könnunar var gefinn kostur á að taka fram annað sem þátttakendum lá á brjósti. Það verður hér birt sem upptalning í lokin, örlítið hreinsað til að ekki það sé ekki persónugreinanlegt.

Opin spurning: Hverjar telur þú vera helstu hvata fyrir ungt fólk til að stunda landbúnað

- Landbúnaður er einn af grunnþáttum lífs á jörðinni.
- Það er mikil áhætta að byrja í búskap sérstaklega núna útaf breitingum í loftslagsmálum og margt óljóst um breitingar. Því er skemtilegt og ekki sjálfsagt að sjá ungt fólk spent fyrir því að taka við búrekstri en hér á Hvanneyri sé maður mikinn áhuga hjá mörgum nemum
- Ef maður er bóndi þá er einhvernvegin ekki hægt að losna við þá löngun
- Lifa af landinu
- Sjálfbærni
- Starfið hentar lífsstíl
- Stunda sjálfsþurftarbúskap fyrir fjölskyldunna. Ekki kaupa mikinn mat heldur rækta mest sjálf.

- Búa í rólegu umhverfi en ekki í öllum hraða og æsingi sem þekkist í höfuðborgarsvæðinu
- Vinna að umhverfisvernd, vinna að landgræðslu, að geta búið utan þéttbýlis, áhugi á ræktun, áhugi á nýsköpun
- Frjálsræði. Eigin tíma og verkefnastjórnun. Viðhalda byggð landsins. Vinna að skynsamlegri nýtingu lands.

Opin spurning: Hverjar telur þú vera helstu hindranir fyrir ungt fólk að stunda landbúnað

- Það er til nóg af jörðum til landbúnaðar, en bara ekki á réttum stað...
- Mast að leggja unga bændur í einelti og takka ekki á því sem þarf að takka á hjá bændum sem eru búnir að starfa í mörg ár
- Fólk þarf að vilja vinna meira en 100% vinnu og vera útsjónarsamt ef þetta á að ganga upp.
- Vantar fleiri minni jarðir.
- erfitt að fá afleysingar, ekkert raunverulegt fæðingarorlof, oft langt að sækja þjónustu t.d. í kringum börnin.
- Það þarf að horfa til sjávarútvegs og gefa fólki séns á að leigja sér eða kaupa heimildir án aðkomu ríkisins. Þá væri hægt að fjármagna í gegnum banka.
- Jörðin of lítil til að bera nútíma búskap
- Loftslags breitingar og öfgar í veðurfari
- Hlutfallslega fáir í samfélaginu sem stunda landbúnað, þú verður að þekkja einhvern eða vera tengdur einhverjum sem stundar landbúnað til þess að eiga möguleika á innkomu.
- Búið hefur drabbast niður síðustu áratugi og lítið til að taka við.
- Nánast óyfistíganlegir erfiðleikar í smalamennskum. Mönnunarvandi og bændur of fáir
- Langmesti vandinn er að þurfa að kaupa ríkisstyrki í forni greiðslumarks afar dýrum dómi, auk þess sem aðgengi að greiðslumarki hefur stundum verið takmarkað
- Þriggjafasa rafmagn er alstaðar og er nauðsyn í dag og fyrir framtíðina og sér í lagi þar sem hitaveita er ekki í boði
- Virðisamat jarða af hálfu hins opinbera (Ríkisskattstjóra) er enganvegin í samhengi við greiðslugetu búreksturs. Skattayfirvöld meta jarðirnar hærra en raunveruleg geta rekstursins er að standa undir. T.d. miðað við 80-90% lán sem. Slíkt hamlar kaupum og kynslóðaskiptum. Gerir að verkum að nýjir aðilar geta ekki keypt. Eigið fé þarf að vera það hátt hlutfall að ef svo ólíklega vill til að unga fólkið hafi slíka fjármuni, þá fer það frekar í annað og betra húsnæði í þéttbýli eða húsnæði á mörkum þéttbýlis og dreyfbýlis.
- Erfitt reglugerðarumhverfi þegar kemur að nýsköpun í matvælaíðnaði í smáum stíl. Beint frá býli er frábær viðbót við tekjumöguleika bænda, en allt ferli til samþykktar slíku er alltof flókið og torskilið.

- Þegar jarðir eru seldar án vélakosts og bústofns þarf að kosta óheyrilegu til að byggja það upp að nýju. Alltof mikið horft á fasteignamat en ekki raunverulegt ástand húsa og hýbýla við verðlagningu (dýrt að kaupa og kostnaðarsamt að koma í rekstrarhæft og búsetuhæft ástand), að þurfa að stunda aðra vinnu með (amk til að byrja með) sem tekur tíma frá framþróun og uppbyggingu.
- Aðrir fjársterkari aðilar t.d fyrirtæki sem vilja stunda skógrækt geta boðið betur
- Langur vinnu dagur
- Skortur á ráðgjöf og rannsóknum sem stuðla að bættum rekstri og þar með afkomu.
- Umræða um landbúnað oft á tíðum neikvæð.

Opin spurning: Er eitthvað fleira sem þú vilt koma á framfæri er varðar hindranir eða hvata í landbúnaði?

- T.d. meta möguleika jarða með tilliti til hvað hún getur framfleitt mörgum gripum hvað fóður og haga varðar. Það þarf að meta: stærð og gæði mögulegs ræktarlands og gæði beitarlands, burtséð frá núverandi ræktun og mannvirkjum.
- maður á ekki að vera skyldaður af skattinum til að selja barni sínu jörð á rándýru verði til að auka skuldir nýliðans vegna þess að reksturinn gefur ekki það mikið af sér.
- Bændur þurfa mjög öflugan talsmann sem kæfir kjaftæði niður strax
- Það þarf að kynna það betur, sýna að þetta sé skemmtileg starfsgrein. Gera stéttina meira aðlagandi, reyna að læra af öðrum löndum sem eru að gera þetta vel eins og nýja sjáland
- Grípa tækifærin ekki sitja og bíða eftir að ríkið gera eitthvað meira fyrir mann en gott ef ríkið kemur með eitthvað. Það þarf að treysta á sjálfan sig og vinna meira en venjulegt þykir sérstaklega fyrstu árin það getur oft verið erfitt en það er léttara ef fólk temur sér jákvæðni.
- Nýta skattalegar ívilnanir fyrir landbúnað.
- Hindrun ef 2 aðilar (KS og SS) fá að ráða alfarið verði á sláturgripum
- Stærsta hindrunin er bændasamtökin, landbúnaðarráðuneytið og íslenska ríkið sem stendur í vegi fyrir að utanaðkomandi geti komist inn í Landbúnað. Þetta er rotið kerfi sem lifir á styrkjum og niðurgreiðslum.
- Það þarf að skapa umhverfi sem er gerlegt að vera í. Það umhverfi er ekki unandi eins og staðan er.
- Ábúðarskylda og takmarkanir á uppkaupum auðmanna á jörðum
- Mikilvægt að hvetja til meiri nýtingu lands í sveitum þar sem nóg er til af landi.
- Erfitt að fá bújörð í rekstri
- Það er bara ekki næg afkoma eftir landbúnaðinn þannig að hægt sé að lifa af honum
- Númer eitt ætti að vera að landbúnaður geti rekið sig og staðið undir betri launum
- Almenn neikvæð umræða og hátt jarðarverð

- Stjórn málin segja mikið enn gera ekki neitt, það þarf eitthvað að breytast varðandi afkomuna eða nýliðunarstuðninginn svo að kynslóðaskipti eigi sér stað
- Jarðir seljast til fólks sem ekki nýtir jarðirnar sem bújarðir
- Er ný búinn að kaupa af foreldrum mínum, hef stundað búskap með þeim í X ár. Fjármögnunin til þess að allir komist vel frá borði er vonlaus nema með aðkomu bakhjarla sem eru í þessu tilfelli [xxxx]. Bygðastofnunin í raun stöðvuðu kynslóðaskipti og höfðu engin úrræði á sínum höndum til þess að greiða götu okkar og í raun flæktu málin að óþörfu með titlingaskít. Það þarf öðruvísi lán, þolinmóðara fjármagn og lánastofnanir þurfa öðruvísi hugarfar gagnvart landbúnaði svo að þetta sé hægt.
- Finnst frekar lélegt með nýliðunarstuðning búfræðingur kaupir jörð á 40 milljónir og gær svo 9 milljónir í stuðning með 200 til 250 kindur en ég kaupði á 130 milljónir og er ekkert menntaður en búinn að vera í þessu lengi sem svona vinnumaður og ég fæ ekkert bara 0 með 500 kindur 44 naut
- Áfram bændur og framtíðin
- Það má ekki skattleggja yfirteknar skuldir eins og launatekjur
- Rannsaka betur stuðningskerfi norðurlandanna til að auðvelda nýliðun. Endurskoða uppsetningu á sambærilegu kerfi fyrir nýliða. Vantar þekkingu í fjármálakerfið á áskorunum landbúnaðar og þolinmótt fé.
- Þegar fólk kaupir upp jarðir ekki með það í huga að stunda nokkun búskap eða situr á góðum jörðu
- Það þyrfti að finna leiðir til að fá fyrri kynslóðir til að skilja að það er í lagi að leyfa öðrum að taka við
- Ég hef reynt að tala við marga til að fá hugmynd um hvernig ég get byrjað frá grunni. Ég hef möguleika á að taka við góðri jörð þar sem engin búskapur er stundaður lengur. Langamma mín er síðasti bóndinn í ættinni. Það hefur alltaf verið draumurinn að geta byrjað en það er eins og þetta sé bara fyrir fólk sem er af bændum komið. Ég veit það er örugglega þúsund manns í minni stöðu sem myndu vilja yfirgefa borgarlífið og hefja búskap, en virðist ekki vera neitt augljós leið áfram.
- Mér þætti eðlilegt að setja ábúðarskyldu á lögbýli eða slíka hvata, þannig að stórar, flottar landbúnaðarjarðir séu ekki bara notaðar sem sumarbústaðir.
- Spurning hver framtíðin verður í matvælaframleiðslu. Litlir háværir hópar virðast hafa mjög hátt og hafa áhrif á fréttáflutning og jafnvel málsmeðferðir. Hvenær verður vegið að kjötframleiðalu almennt og höfum við orkuna í að sinna störfum okkar ásamt baráttu við þessar raddir? “Afhverju erum við að standa í þessu” heyrir oftast innan bændastéttar þar sem bændur vinna þegar baki brotnu við bústörf.
- Stuðningskerfið í sauðfjárrækt er handónýtt og gerir ungu fólki mjög erfitt fyrir. Það hefur auk þess komið vondu orði á greinina og hampar ekki duglegum og samviskusömum bændum nóg.
- Vantar meiri skilning og virðingu fyrir landbúnaði.
- Að reglugerðabæknið sem sturtast yfir okkur frá Evrópusambandinu þarf nauðsýlega að grísa. Marft þar að finna sem á ekki við hér á landi

- Það verður að koma á alvöru lánamöguleikum til bænda. Auðvelt í framkvæmd. Veð tryggð í bújörðum
- Ungir bændur hagnast á því að eldri bændur sjái sér fært að hætta búskap. Lífeyriskerfi bænda er ekkert og hvatinn til að selja jarðir í pörtum eða selja kvóta, til að eiga í sig og á, er of mikill. Ef eitthvað kerfi myndi grípa eldri bændur, væru þeir mikið viljugri að selja jarðir í fullum rekstri. Einnig þarf að spyrja sig hvort það sé í raun löglegt að skikka fólk til að borga svo mikla skatta þegar verið er að kaupa fyrirtæki í neikvæðum rekstri. Skattar af seldum fyrirtækjum í neikvæðum rekstri eru lægri. Eignir ættu ekki að skipta svo miklu!
- Má ekki gleyma bændum flokkast ekki sem ungbændur eða rétt við lífeyrisaldur
- Fólk sem hreinlega erfir ekki jörð á erfitt með að komast að
- Vald afurðastöðvanna yfir afurðaverði til bænda.
- Get ekki forgangsraðað þessu, er allt svo mikilvægt
- Skylda þarf jarðeignir til að halda úti starfsemi og búsetu á jörðum sínum, sér í lagi þeim sem eru í alfaraleið og nauðsynlegir innviðir til taks s.s. rafmagn, vegasamband og ljósleiðari. Þá má ná niður jarðaverði og auka framboð og búa til hvata til að halda dreifbýlinu í byggð.
- Bjóða skattalækkun eða möguleika á að kaupa rekstur ódýrari þegar um kynslóðaskipti er að ræða.
- nýliðunarstyrkir ALLT OF LÁGIR
- ef landeigandi veit af heitu vatni á jörð sinni á hann að fá styrk til að láta rannsaka og leita af vatninu. finnst vatn ætti ríki og sveitarfélag að bjóða að kaupa rétt til að bora eftir vatni og gjaldi sem landeigandi fer fram á
- Koma ríkisbönkum í áframhaldandi ábúð áður en þær fara í eyði
- vantar stöðugleika, góð lán og hótanir pólitíkusa um að kollvarpa öllu kerfi verður að hætta, þurfum að hafa leikreglur sem hægt er að ganga að til langs tíma
- Það vantar hagstæðari lán til uppbyggingar og meiri fyrirsjáanleika í stuðningskerfi. Einnig er ég þeirrar skoðunar að stuðningskerfi landbúnaðarins eigi í meira mæli að ýta undir umhverfisvænni búskaparhætti og því að við verðum minna háð innflutningi hvað búrekstrarvörur varðar. Einnig mætti minnka framleiðslutenginu styrkjakerfis landbúnaðarins og skoða eitthvað eins og býlisstuðning eða slíkt
- Alltof hár söluskattur
- Í mínum huga er það alveg skýrt að á meðan við metum ekki vægi landbúnaðar sem nauðsynlegan þátt í byggðafestu landsins, og á meðan við ekki höfum hugsun á því að innlend framleiðsla matvæla er okkur lífsnauðsyn sem eyðjóðar, þá er frekar máttlítið að hvetja til nýliðunar í greininni. Í síbreytilegum og ótryggum heimi eins og staðan er einmitt núna þá getum við ekki leyft okkur að ekki treysta á að aðrar þjóðir sjái okkur fyrir matvælum.
- Að byggja upp landbúnað sem landbúnað, ekki alltaf segja bændum að fara gera eitthvað annað/meira til að hafa afkomu af. Að setja hömlur á hve margir jarðareigendur geta verið að jörð (það verður aldrei neitt gert með land sem 50+ einstaklingar eiga, næst engin samstaða), að lífsgæði við að búa og starfa í dreifbýli sé

gert hærra undir höfði. Að börn á öllum aldri fái skólaakstur (leikskóla/dagmömmu, grunnskóla og framhaldsskóla) til að slíta ekki sundur vinnudag foreldra á búinu. Boðið sé upp á heilsufarsskoðanir í dreifbýli 1x á ári, fyrir þá sem búa lengra en 50km frá næstu heilsugæslustöð (læknir og hjúkrunarfræðingu komi og sinni heilsufarsskoðun og um leið skimun fyrir þunglyndi og öðru).

- Erlendir fjárfestar og fólk sem er ótengt landbúnaði og sýnir hroka og tillitsleysi gagnvart landbúnaðarstarfsemi
- Það er ekki hvata þegar maður getur ekki einu sinni borgað báðum aðilum laun
- Samkeppni um land við fólk/rekstur með mun betra aðgengi að fjármagni
- Nýtt kúakyn
- Skoða þarf að fá nýtt kúakyn í mjólkurframleiðslu
- Finnst vanta í spurningu 23. að öruggur rekstrargrundvöllur sé í landbúnaði. Það breytir engu hversu hagstæð lánin eru ef að afkoma greinarinnar er ekki nógu góð til þess að standa undir sér.
- Betra framleiðsu kyn í mjólkurframleiðslu